

Fundur í Betadeild þriðjudaginn 27. október 2008

Fundarstaður: Menntaskólinn á Akureyri

- Dagskrá:
1. Setning fundar .
 2. Orð til umhugsunar.
 3. Fundargerðir síðustu funda lesnar.
 4. Önnur mál:
 - a. kaffinefndir
 - b. jólafundur.
 5. Nýútskrifaði kennarinn. Hvernig getum við stutt hann í starfi?
 6. Happprætti, kaffi og spjall.

1. Eygló, setti fund og bauð meðlimi ásamt gestum velkomna. Gestir sem mættu voru Björk Sigurðardóttir og María Gunnarsdóttir báðar frá Hrafnagilsskóla. Einnig bar hún kveðjur frá konum sem ekki gátu mætt.
2. Orð til umhugsunar. Ragnheiður Stefánsdóttir sagði frá heimsókn sinni á safnið um Önnu í Grænuhlíð sem er staðsett í Cavendish á Prince Edward Island í Kanada. Einnig rifjaði hún upp í stuttu máli söguna um Önnu í Grænuhlíð og sýndi minjagrip og myndir úr ferðinni.
3. Jóhanna las upp fundargerð til samþykktar frá 16. september. Þrjár athugasemdir voru gerðar við orðalag og verður henni breytt til samræmis. Fundargerðin var samþykkt með breytingum. Eygló las upp fundargerð frá fundinum sem haldinn var með Zetasystum í Mývatnssveit. Ein athugasemd var gerð og var hún samþykkt með þeirri beytingu.
4. Undir liðnum Önnur mál, minnti Eygló á að konum væri ætlað að skipta innbyrðis ef sú staða kæmi upp að þær kæmust ekki á þá fundi sem þær væru í kaffinefnd. Erna Gunnarsdóttir bauð sig fram sem varamanneskju á kaffinefndarlistann í vetur. Einnig bað Eygló konur um að huga að jólagesti fyrir jólafundinn sem haldinn verður 3. desember. Gestir okkar, Björk og María stungu upp á konu frá Suður-Afríku sem þær þekkja og buðust til að hafa samband við hana og gá hvort hún væri fánleg í þetta.
5. Fresta þurfti dagskráliðnum *Nýútskrifaði kennarinn. Hvernig getum við stutt hann í starfi?* þar sem María Steingrímsdóttir sem tekið hafði að sér að stjórna þessum lið veiktist á síðustu stundu og gat ekki mætt á fundinn. Í staðinn notuðum við tímann og ræddum ýmis mál sem varða deildina. Anna Þóra sagði okkur fréttir frá landssambandsstjórn, m.a. að næsta landssambandsþing hefði verið ákveðið dagana 16. og 17. maí næstkomandi. Eygló ræddi nokkur atriði í sambandi við vefmálin og auk þess ræddum við hvaða áherslur við vildum sjá í starfi deildarinnar. Kom fram mikil ánægja með leshringina og var talað um að jafnvel mætti hafa slíka fundi tvisvar á vetri. Einnig var rætt um sjálfstyrkingu og var áhugi á að fá innlegg um framsögn á fund eftir áramót. Ákveðið var að kanna verð hjá Eddu Björgvinsdóttur leikkonu en hún mun vera stödd hér á Akureyri við leikstörf eftir áramótin.
6. Að loknu þessu spjalli voru kaffiveitingar sem Margrét Kristín, Jóhanna, Hanna og Eygló sáu um. Dregið var í happprættinu og fékk Anna Þóra vinninginn að þessu sinni.

Fundi slitið.

Eygló Björnsdóttir